

Val-áfangi á eldra stigi

Hönnun & Smíði

Haustönn 2018

Kennari: Alda Rose Cartwright

alda.rose@barnaskolinn.is

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Áfangalýsing

Í hönnun&smíði legg ég á áherslu á að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra, efla verkvit og þjálfist í úrlausn verkefna og skili vandaðri afurð. Markmið H&S er að þjálfna nemendur í að skipuleggja verkferli verkefnis og hlúa að öllum þáttum þess með því að vera þáttakandi sköpunarferlisins frá upphafi.

Ég hvet nemendur jafnframt til að hugsa sjálfstætt, læra af mistökum og nýta sér óvæntar niðurstöður á skapandi hátt. Við bjóðum mistökum velkomin sem eðlilegan og þroskandi þátt í lærdómsferlinu. Auk þess að efla verkvit og færni nemenda í handverki legg ég áherslu á gagnrýnt samtal um hönnun og listir sem eykur læsi nemenda á umhverfi sitt.

Við skoðum einnig hönnun útfrá notagildi sem og fagurfræði. Við reynum eftir bestu getu að að nýta efni úr nærumhverfi í anda sjálfbærninnar. Einnig er mikilvægt er að nemendur beri ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Í val áfanga í Hönnun og smíði eru nemendur hvattir til þess að koma með hugmyndir að verkefnum útfrá áhuga. Kennari tekur allar hugmyndir til skoðunar og ákveður í kjölfarið hvað er raunhæft samkvæmt efnivið og hæfni. Nemendur hanna hugmynd sína alveg frá upphafi til enda með leiðsögn kennara. Mikilvægt er að nemendur sýni kennslustofu, verkfærum og samnemendum jafnt sem kennara virðingu. Umgengni er veigamikill þáttur í þessu vali. Hvert verkefni er því einstaklingsbundið og þjálfast nemendur í að vinna sjálfstætt og vera lausnamiðaðir.

Námsmat

Metnir eru eftirfarandi þættir í Hönnun&Smíði:

- **Ástundun**
- **Virkni í tíma**
- **Frumkvæði**
- **Frumleiki**
- **Áhugi og jákvæðni**
- **Sjálfstæð vinnubrögð**
- **Vandvirkni**
- **Úrlausn verkefna**
- **Umgengni og hegðun**
- **Færni nemanda að taka leiðsögn.**